# Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu Borgarbyggðar
## Gildir frá 1. janúar 2024

### 1. gr.

### Félagsleg heimaþjónusta

Fullt gjald fyrir félagslega heimaþjónustu er kr.  2.260.- fyrir hverja klukkustund. Afslættir af fullu gjaldi félagslegrar heimaþjónustu eru sem hér segir:

1. **Undanþegin gjaldskyldu eru:**
   a. Einstaklingar sem hafa tekjur undir tekjuviðmiðum hámarks framfærslu almannatryggingun/Tryggingastofnunar kr 397.125 í janúar 2024.
   b. Hjón/sambýlisfólk sem hefur samtals tekjur undir hámarks framværsluviðmiði ellilífeyris/örorkulífeyris frá almannatryggingum/Tryggingastofnunar kr. 634.202 1. janúar 2024 (kr. 317.101 á hvorn aðila).
2. 50% afslátt af félagslegri heimaþjónustu frá:
   a. þjónustuþegar sem eru með tekjur allt að 60% hærri tekjur en viðmiðunartekjur skv. a. og b. lið 1. töluliðar 1. gr. gjaldskrár þessarar. Það eru einstaklingar með tekjur allt að kr. 635.567
   b. Hjón/sambýlisfólk sem hafa ekki aðrar tekjur samtals en kr. 1.014.722,- á mánuði  (kr 507.361 á hvorn aðila).
3. Þjónustuþegar greiða ekki fyrir fleiri en 10 klukustundir á mánuði.
4. Ekki er greitt fyrir stutt innlit.
5. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í grein þessari hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingarstofnunar ríkisins.

Sjá afslætti í töflu:

| | Tekjur umsækjanda undir - gjaldfrjálst | Tekjur umsækjanda undir - 1/2 gjald | Tekjur umsækjanda yfir - fullt gjald |
|---|---|---|---|
| **Einstaklingar** | 397.125 | 634.202 | 634.202 |
| *Gjald* | 0 | 1.130 | 2.260 |
| **Hjón / sambúðaraðilar** | 634.202 | 1.014.722 | 1.014.722 |
| *Gjald* | 0 | 1.130 | 2.260 |

**2. gr.**

**Heimsending matar**

Gjald fyrir heimsendan mat er kr. 1.265,-. Ekki er greitt fyrir heimsendingu matar, þ.e. aksturinn.

**3. gr.**

**Ferðaþjónusta**

Gjald fyrir ferðaþjónustu er kr. 276 fyrir hverja ferð. Miðað er við hálft gjald Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Sé farið fleiri en 10 ferðir á mánuði er gjaldið kr. 185 fyrir hverja ferð.

Velferðarnefnd getur veitt undanþágu frá greiðsluskyldu samkvæmt reglum þessum, ef sérstakar ástæður gefa tilefni til.